



4. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 4. desember 2019 kl. 18:15.

Mætt eru: Viktor S. Pálsson (VSP) formaður, Dýrfinna Sigurjónsdóttir (DS), Hjalti Þorvarðarson (HP), Sigrún Hreiðarsdóttir (SH), Sverrir Einarsson (SE), Ingibjörg Garðarsdóttir (IG), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þórir Haraldsson (PH), Birgir Júlíus Sigursteinsson (BJS), Jón Steindór Sveinsson (JSS), Guðmundur Gústafsson og Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓÁL). Auk þess sátu fundinn Aðalbjörg Skúladóttir (AS) bókari Umf. Selfoss og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri Umf. Selfoss sem ritar fundargerð.

Forföll boðaði: Guðmundur Pálsson.

1. Fundargerðir

3. fundargerð aðalstjórnar frá 2. október staðfest án athugasemda.

3. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 6. nóvember samþykkt.

GJ fylgdi úr hlaði umræðu um mögulegan íþróttafulltrúa Umf. Selfoss. VSP segir að við þurfum að þora að segja að við ætlum að vera með því fremsta í heiminu. PH telur mikilvægt að verkefnið miði að því að efla fagmennsku innan félagsins. HSH vildi benda á tengingu við heilsuefandi samfélag. JSS telur hugmyndina góða en óskar eftir nánari útfærslu. Mikilvægt að þróa hugmyndina með hliðsjón af þjónustusamningi við Sveitarfélagið Árborg.

HSH hvatti framkvæmdastjóra til að skila fundargerðum strax til deilda.

2. Fundargerð vallarstjórnar frá 9. október til kynningar

Fundargerð liggur ekki fyrir, lögð fram á næsta fundi.

3. Úthlutun styrkja

Úthlutun úr afreks- og styrktarsjóði Umf. Selfoss og Sv. Árborgar vísað til framkvæmdastjórnar. Umsóknarfrestur til 6. desember. PH telur mikilvægt að horfa til raunverulegs kostnaðar afreksfólks.

Styrkur vegna starfsmanna deilda staðfestur í samræmi við reglugerð sem liggur fyrir.

Barna- og unglingastyrkur og Lottó. Staðfest úthlutun í samræmi við úthlutun undanfarin ár. Samþykkt að vísa efnislegri umræðu um reglugerð til næsta fundar aðalstjórnar.

Staðfest úthlutun á styrk vegna æfinga utan héraðs í samræmi við úthlutun undanfarin ár.

Styrkur til reksturs meistaraflokka: Samþykkt að úthluta með sama hætti og í fyrra þ.e. 45% á handbolta, 45% á knattspyrnu og 10% á frjálssar.

Drög að nýrri reglugerð lögð fram og var henni vísað til framkvæmdastjórnar. HSH óskar eftir heildstæðri tillögu að þessari reglugerð. Framkvæmdastjórn falið að leiða þá vinnu.

4. Æfingagjöld deilda Umf. Selfoss

Lagður fram samburður á æfingagjöldum deilda/akademía haust 2019 gagnvart haust 2018. Meðaltalshækkun undir verðlagsþróun.

5. Aðalfundur Umf. Selfoss

Samþykkt að halda aðalfund Umf. Selfoss í Tíbrá fimmtudaginn 16. apríl kl. 20:00.

Framkvæmdastjórn veitt heimild til að skipa uppstillingarnefnd.

6. Ungmennaráð Árborgar

Kjósa þarf aðalman og varamann til tveggja ára en engar tilnefningar bárust fyrir fundinn. Framkvæmdastjóra falið að skipa í ráðið.

7. Ferðasjóður íþróttafélaga

Minnt á að umsóknarfrestur er til 13. janúar 2020.

8. Erindi frá Kvenfélagi Selfoss

Stjórn Kvenfélags Selfoss ákvað á fundi sínum þann 4. nóvember að kanna hug ungmennafélags Selfoss á yfirtöku Kvannahlaups ÍSÍ.

Kvenfélagið hefur haft umsjón með hlaupinu frá upphafi og notið góðs samstarfs við fjölmarga m.a Ungmennafélag Selfoss.

Við teljum að markmiði hlaupsins sé náð hvað varðar að auka þátttöku kvenna í íþróttum, og mál til komið að aðrir taki við keflinu.

Það er jafnframt ósk okkar að Kvannahlaupið haldi áfram í hverju því formi sem ungmennahreyfingin telur besta, ef þið á annað borð hafið hug á að taka við af okkur.

Með bestu kveðju

Jóna S Sigurbjartsdóttir

form. Kvenfélags Selfoss

Aðalstjórn þakkar gott boð en hafnar erindinu. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

9. Svar bæjarráðs við erindi Umf. Selfoss

Fyrir liggur svar frá bæjaryfirvöldum. Á fundi bæjarráðs Árborgar 10. október sl. var tekin fyrir bókun frá 14. fundi íþrótt- og menningarnefndar frá 7. október.

Eftirfarandi var bókað í íþróttá- og menningarnefnd:

Ályktun frá Umf. Selfoss vegna forhönnun íþróttamiðstöðvar á Selfossvelli

Lögð fram ályktun frá Ungmennafélag Selfoss um að haldið verði áfram undirbúningsvinnu við íþróttamiðstöð á Selfossvelli. Félagið lýsir einnig yfir áhuga á að koma að þeirri vinnu enda muni aðstaða félagsins batna til framtíðar með uppbyggingunni. Nefndin þakkar Ungmennafélagi Selfoss fyrir erindið og lýsir yfir mikilvægi þess að gott samstarf sé áfram við alla hagsmunaaðila við hönnun íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu. Nefndin leggur til við bæjarráð að ráðist verði í þarfagreiningu á næstu áföngum í framtíðaruppbyggingu á Selfossvelli. Samþykkt samhljóða.

Bæjarráð samþykkir að ráðist verði í þarfagreiningu á næstu áföngum í framtíðaruppbyggingu á Selfossvelli og felur frístunda- og menningarfulltrúa að vinna málið áfram

Aðalstjórn fagnar ályktun bæjarráðs og hlakkar til að vinna málið áfram.

10. Myndataka fyrir 2019-2020

Við lok fundar tók Inga Heiða Heimisdóttir ljósmyndir af aðalstjórn og starfsmönnum aðalstjórnar.

11. Verðlaunahátíð Umf. Selfoss 2019

Verðlaunahátíð Umf. Selfoss hefst kl. 20:00 í Tíbrá. Aðalstjórn var viðstödd hátíðina hvar boðið var upp á léttar veitingar.

Fundi slitið klukkan 19:56.